

SKÓLASKRIFSTOFA
HAFNARFJARÐARStrandgötu 31
220 Hafnarfjörður

Opin mán.-fös. kl. 8-16.

Sími: 585 5800.

skolaskr@hafnarfjordur.is

RITSTJÓRN - SKRIF

Vigfús Hallgrímsson
Þróunarfulltrúi grunnskóla
vigfus@hafnarfjordur.is

MARKMIÐ ÚTGÁFU

Að miðla upplýsingum til starfsfólks í grunnskólum Hafnarfjarðar, foreldra og annarra um skólamáli í Firðinum og skólaþróun. Þeir sem vilja koma upplýsingum í blaðið eru beðin að senda tölvupóst á vigfus@hafnarfjordur.is. Þá eru vel þegnar ábendingar um það sem betur má fara.

DREIFING

Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks skóla í grunnskólum Hafnarfjarðar, fulltrúa foreldra o.fl. Stefnt er að vikulegri útgáfu (með leyfilegum forföllum) á starfstíma skóla. Útgáfudagar eru föstudagar. Blaðið er 2 síður í A-4 stærð.

GRUNNSKÓLAR
HAFNARFJARÐAR

Í Hafnarfirði eru starfandi níu grunnskólar. Nemendur eru um 3900 í nálægt 185 bekkjardeildum og kennarar eru yfir 400 í rúmlega 350 stöðugildum. Skólarnir eru:

- Áslandsskóli. www.aslandsskoli.is
- Engidalsskóli. www.engidalsskoli.is
- Hraunvallaskóli. www.hraunvallaskoli.is
- Hvaleyrarskóli. www.hvaleyrarskoli.is
- Lækjarskóli. www.laekjarskoli.is
- Setbergsskóli. www.setbergsskoli.is
- Víðistaðaskóli. www.vidistadaskoli.is
- Öldutúnsskóli. www.öldutunnsskoli.is
- Barnaskóli Hjallastefnunnar www.hjalli.is/bsk7610

SKÓLASKRIFSTOFA
HAFNARFJARÐAR

Skólavefritið

5. ÁRGANGUR, 21. TBL.

27. FEBRÚAR 2009

Margmiðlunarsamkeppni 8.-10. bekkinga

Í annað skipti hefur verið margmiðlunarsamkeppni fyrir unglinga í grunnskólum Hafnarfjarðar verið sett á laggirnar. Kennarar hafa þegar fengið sent dreifibréf keppinnar í tölvupósti. Síðasta vetur bárust alls níu verkefni í keppnina og þrjú hlutu verðlaun. Markmið með keppninni er að gefa kennurum tækifæri til að vera með fjölbreytt og áhugaverð verkefni í kennslu sem tengjast notkun upplýsingatækninnar.

Reglur:

- Hvert margmiðlunarverkefni skal vera 3-4 mínútur að lengd og fjalla um sjálfvalið þema.
- Margmiðlunarverkefni skal skila á wmv-formati eingöngu.

- Verkefnum skal skila á tölvudiski í lokuðu umslagi, ásamt nafni höfunda(r), til Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar, Strandgötu 31, 220 Hafnarfjörður, merkt MARGMIÐLUNARSAMKEPPNI. Skilafrestur er til 27. apríl 2009.
- Heimilt er að nota hvaða hugbúnað sem er til að vinna verkefni en bent er á frihugbúnaðinn *Photo Story 3* sem heppilegan hugbúnað. Eina skilyrðið er að margmiðlunarverkefni innihaldi myndir (ljósmyndir og/eða kvmyndir), tal og/eða texta í samspili en tónlist eftir atvikum.
- Allt efni skal vera frumsamið af höfundi/-um, þ.e. texti, myndir og tal. Nota má tónlist frá öðrum

í verkefni en tónlistin verður að vera notuð samkvæmt íslenskum ákvæðum um höfundarétt.

- Leyfilegt er að fleiri en einn höfundur sé að hverju margmiðlunarverkefni.
- Heimilt er að senda inn fleiri en eitt verkefni eftir sama höfund.
- Dómnafnd á vegum Skólaskrifstofu metur innsend verkefni og eru veitt allt að þrenn verðlaun.



Nýir námsvefir Námsgagnastofnunar

Frá Námsgagnastofnun hafa í vetur komið nokkrir náms- og fræðsluvefir. Hér verður stiklað á stóru um flesta þessa vefi.

Stærðfræði: Tveir vefir með kennslubókaflokknum **Í undirdjúpunum** eru komnir og heita **Samlagning** og **Frádráttur**.

Upplýsingatækni: **Ritfús** er nýr námsvefur í ritvinnslu fyrir eldri nemendur grunnskólans.

Íslenska: **Lesum og skoðum orð** er nýr safnvefur fyrir yngstu nemendurna. **Lestur og stafsetning** er ritunarvefur fyrir unga lesendur. **Mályrkjuvefurinn** og

Málþjörg eru námsvefir fyrir unglinga. **Málfarsmolar** eru handhægur vefur með ýmsa fróðleiksmola um íslenskt mál.

Lífsleikni: **Leikritasmiðjan** og **Leiklistarsöguvefur** eru vefir um leiklist og tjáningu.

Náttúrufræði: **Jarðfræðivefurinn** er nýlegur vefur um jörðina.

Textílmenn: **Textílvfurinn** veitir ýmsar hugmyndir um textílvinnu.



Skólaþróun

VERKEFNISVEFSLÓÐ: <http://www.nams.is/>



FRÉTTIR

úr stjórn- kerfi

Hafnarfjarðar

Fræðsluráð 23. febrúar
176. fundur:

- Breytt verð á skólamáltíðum frá síðasta fundi tekið aftur fyrir. Gjaldskrá verður óbreytt til vors en skoða á málið aftur fyrir næsta skólaár. Fræðsluviði falið að skoða frekar með systkina-afslætti.
- Erla Guðjónsdóttir, skóla- stjóri Öldutúnsskóla, kynnti skólanámsskrá skólans.
- Kynntar voru umsagnir sem borist hafa við endurskoðun skólafestu. Frestur er fram- lengdur hjá þeim sem þess hafa óskað og umsagnar- beiðni send í önnur ráð í bæjarkerfinu.



Tilkynning vikunnar

Mánudagur 2. mars er sam- eiginlegur skipulagsdagur í leik- og grunnskólum í Hafnarfirði. Engin sameigin- leg dagskrá er þó í gangi á vegum Skólaskrifstofu.

Næsta blað
Skólavefritsins er
væntanlegt föstudaginn
6. mars 2009

Tilkynningar og fréttaskot um það sem er á döfinni

» Nýtt frá Námsgagnastofnun: Bent er á að nú er lífsleiknámsefnið **Samvera** allt endurútféfið og komið á vef kennsluleiðbeiningar fyrir kennara og handbók fyrir foreldra og kennara. Þá má benda á margt nýlegt efni í íslensku fyrir yngsta stig grunnskólans. Dæmi um það efni eru



t.d. **Græni blýanturinn**, **Hlustum á þjóðsögur okkar** (bæði vefefni og hljóðefni til niðurhals) og efni á vef eins og **Gagga og Ari**. Loks má nefna hugmyndabókina **Stærð- fræðileikir í byrjenda- kennslu** sem eykur fjölbreytni í stærðfræði- kennslu yngstu nemenda. Hún er útprentanleg á vefnum.

Hafnfirskir grunnskóla- nemendur á öskudaginn.

Skapandi tölvuvinnsla og hugmyndaauðgi

Hér verða kynnt nokkur forrit sem tengjast skapandi tölvuvinnslu og nýta tölvuna í skapandi verkefni.

Hugarkort: Hugarkorta- gerð (mind mapping) nýtur sívaxandi vinsælda. Hugarkort nýtast í margskonar tilgangi, t.d. við sögugerð, sem námstækni, sem glósu- tækni, við skipulag verkefna o.fl. Margvíslegt úrval er af friforritum sem búa til hugarkort þótt þau séu ekki jafn öflug og MindManager. Þetta er forrit eins og **EDrawMind map** (vektora- forrit), **View your mind** og

FreeMind. Þá má nefna vef- þjónustur sem eru frí hugar- kortagerð á vefnum, t.d. **Mind42** og **Mindmaster**.


Flæðirit: Flæðirit henta til teikningagerðar, t.d. til að gera skipurit og til verkferla- gerðar. Dæmi um slík forrit og vefþjónustur eru **Gliffy** (vektorateikningar), **DrawAnywhere**, **Dia** og **Lucid Chart**.

Ýmis tölvu- vinnsla: **Alice** er skemmti- legur kennsluhugbún- aður til hugbúnaðar- þróunar í þrívídd.

VEFSLÓÐ: <http://www.skolathroun.is/?pageid=48>

Fríhugbúnaður

Það er einstaklega áhugavert fyrir kennara sem vilja kenna nemendum forritun í skapandi tölvuvinnslu með áhugavert og þróað forrit sem að auki er frítt.



Námskeiðahaldið í næstu viku

2. mars mánudagur

Sameiginlegur skipulagsdagur í leik- og grunnskólum. Engin námskeið.

3. mars þriðjudagur

Grunnámsskeið í myndvinnslu (Paint.net) í Menntasetrinu við Lækinn kl. 15-17.

5. mars fimmtudagur

Varnarviðbrögð í Menntasetrinu við Lækinn kl. 13.15-17.

6. mars föstudagur

Varnarviðbrögð í Menntasetrinu við Lækinn kl. 13.15-17.

Smiðja í millimenningarfræðslu í Menntasetrinu við Lækinn kl. 13.30-17. **FELLUR NIÐUR.**

VEFSLÓÐ: http://www.hafnarfjordur.is/hafnarfjordur/stjornsysla/fraedslusvid/skolaskrifstofa/fraedslustarfsemi_skolaskrifstofu/

Námskeiðamál